

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 8. janúar var haldinn 124. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi og hófst kl. 17.10. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoéga, Eldey Huld Jónsdóttir, Hafsteinn Númason og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Eiríkur Hans Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Ragnheiður Ólöf Steingrímsdóttir og Andrea Dís Steinarsdóttir, áheyrnarfulltúar ungmennaráðs Kjalarness, og Hera Hallbera Björnsdóttir, frístundaráðgjafi í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram listi frá Sonju Wium, verkefnisstjóra Betri hverfa, frá 5. desember 2014 yfir þau verkefni sem sett voru inn á vefinn Betri hverfi og búið er að kostnaðarmeta þar sem hverfisráði er fláið að stilla upp lista með allt að 20 verkefnum til kosninga. Hverfisráð óskar eftir að fá listann birtan í hverfisblöðunum Kjalnesingi og Mosfellingi.
2. Lagðar fram niðurstöður könnunar á þörfum strætóferðar kl. 14:39 frá Kjalarnesi til að hægt sé að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi sem gerð var dagana 15. - 19. desember 2014. Haft var samband við foreldra allra barna í 1. – 10. bekk í Klébergsskóla og þau spurð: „Myndir þú og/eða þitt barn notfæra ykkur þann möguleika á strætóferð klukkan 14:39 á virkum degi?“ Af þeim sem svöruðu sögðust tæplega 80% nýta sér þessa ferð. Svarhlutfall var 74%.
Lagt til að fela Sigríði Pétursdóttur og Eldey Huld Jónsdóttur að senda stjórnarformanni Strætó bs., erindi vegna málsins.
Samþykkt.
3. Lagt fram bréf Ofanflóðasjóðs dags. 26. nóvember 2014 vegna athugasemda hverfisráðs Kjalarness vegna auglýstra tillagna á hættumati vegna ofanflóðs fyrir Kjalarnes neðan Esjuhlíða.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Með vísan til svarbréfs Gunnars Guðna Tómassonar, formanns hættumatsnefndar Reykjavíkur, til hverfisráð Kjalarness, dagsett 26. nóvember 2014, óskar ráðið eftir svörum um viðbrögð frá skipulagsyfirvöldum í Reykjavík og borgarstjórn hvað varðar niðurstöður hættumats á nýtingu lands og hugsanlegar aðgerir til þess að auka öryggi íbúa.

- Kl. 17.50 víkja Ragnheiður Ólöf Steingrímsdóttir og Andrea Dís Steinarsdóttir, fulltrúar ungmennaráðs af fundinum.
- 4. Lagt fram bréf Sögufélagsins Steina, dags. 8. desember 2014, þar sem óskað er eftir milligöngu hverfisráðsins um að tala við landslagsarkitekt hjá Reykjavíkurborg sem gæti aðstoðað við að koma hugmynd um að reisa útieltari í landi Esjubergs á legg. Hugmyndin er að staðurinn verði vígður þar sem framkvæma megi kirkjulegar athafnir.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness styður hugmyndir Sögufélagsins Steina um hönnun og uppsetningu á útieltari á Esjubergi, sem minnisvarða um fyrstu kirkju á Íslandi. Hverfisráðið hefur lagt áherslu á að upplýsingum um sögustaði, örnefni, náttúru og mannlíf á Kjalarnesi sé komið upp á ýmsum stöðum og aðgengilegar þeim sem eiga leið um. Hverfisráðið hefur m.a. styrkt uppsetningu skilta við Kléberg, Sjávarhóla og Olísstöðina. Í ljósi þeirra ríku sögulegu menningarverðmæta sem Kjalarnesið hefur að geyma myndi útieltari með góðu upplýsingaskilti auka aðgengi að sögulegum verðmætum hér á Kjalarnesi og vera vettvangur bæði söguskoðunar sem og kirkjulegra

athafna. Hverfisráðið óskar því eftir aðkomu Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar að hönnun og uppsetningu úttaltaris á Esjubergi.

5. Fram fer umræða um starf hverfisráðs Kjalarness sem er framundan.

- Kl. 18.10 vîkur Hafsteinn Nûmason af fundi.

Fundi slitið kl. 18:30

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga
Guðfinna Ármanssdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir